

Fundur fagráðs um velferð dýra

Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Fundarstaður:</i>	MAST Stórhöfða
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	28.02.2018
<i>Fundarritari:</i>	Ágústa R. Jónsdóttir	<i>Fundartími:</i>	13.00 – 15.00
<i>Gerð fundar:</i>		<i>Verknúmer:</i>	
<i>Fjarverandi:</i>			
<i>Þátttakendur:</i>	Sigurborg Daðadóttir, Erna Bjarnadóttir, Henry Alexander Henrysson, Katrín Andrésdóttir, Ólafur Dýrmundsson, Þóra Jónasdóttir og Ágústa R. Jónsdóttir		

Dagskrá fagráðs um velferð dýra 28. febrúar 2018

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Umsóknir um dýratilraunir
3. Dýrasýningar, keppnir og dýr notuð til gjafa (*umræðu frestað á síðasta fundi*)
4. Önnur mál
 - a. Breytt skipulag eftirlits - hvernig er hægt að greina skyndileg frávik - samstarf við félagsþjónustu og sveitarfélög (*umræðu frestað á fyrri fundum*)
 - b. Flutning smákálfa í sláturhús, túlkun á nýju reglugerðinni um flutninga (*umræðu frestað á fyrri fundum*)
 - c. Burðarefniðleikar, einkum hjá ám, sem hugsanlega geta tengst vaxtarlagi fjárens, einkum hrúta (*umræðu frestað á síðasta fundi*)

Umræða

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Umsóknir um dýratilraunir
 - a. Fóðurtilraunir á Atlantshafslaxi. Tekin er fyrir að umsókn sem snýr að fóðrun. Fóðurtilraunir þarfnast ekki samþykkis en umsóknin er ekki nægilega skýr til að hægt sé að skera úr um hvort tilraunin snúi eingöngu að fóðrun. Kallað verður eftir frekari gögnum og afgreiðslu frestað til næsta fundar.
 - b. Mótefnaframleiðsla á einstofna mótefnum í erfðabreyttum músum. Tekin er fyrir umsókn sem er framhald og útvíkkun á leyfi sem gildir út 2018 og sótt var um 2014 undir heitinu „Umsókn um almennt leyfi til þess að framkvæma bólusetningartilraunir til mótefnaframleiðslu í erfðabreyttum músum.“ Að loknum umræðum var ákveðið að kalla eftir frekari gögnum til að hægt sé að taka umsóknina til efnislegrar meðferðar. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
3. Dýrasýningar. Umræður um dýrasýningar og dýragarða út frá margvíslegum hliðum og áhrif þeirra á dýr sem sett er í aðstöðu sem er andstæð þeirra náttúrulega umhverfi. Brýn þörf er á að setja skýrar reglur um þennan málaflokk og ályktar fagráð um velferð dýra að ítrekað verði við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins erindi Yfirdýralæknis um nauðsyn þess að setja reglugerð um dýragarða og dýrasýningar og hvetja ráðuneytið til að herða á þeirri vinni. Þá var rætt um réttastörf út frá velferð sauðfjár.
4. Önnur mál
 - a. Fagráð telur brýnt að Matvælastofnun ítreki við dýralækna og aðra heilbrigðisstarfsmenn dýra og aðra sem koma reglubundið eða all oft á sveitabýli um þá ríku skyldu og ábyrgð þeirra skv. 9. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013 að tilkynna ef meðferð á dýrum brýtur gegn lögum og reglum m.a. ef umráðamenn skortir getu til að annast dýr. Fagráð hvetur MAST að efna til málþings meðal fagaðila, til að fjalla um viðbrögð við þegar dýraeigendur reynast af mismunandi ástæðum ekki geta annast um sín dýr.

- b. Flutningur smákálfa. Fagráð hvetur MAST til að stuðla að virkri fræðslu til þeirra sem koma að flutningum dýra. Fram kom að MAST hefur í tvígang birt efni á liðinu ári þar sem vakin var athygli á reglum um flutninga auk þess var upplýst um að vinna við að útbúa námsefni flutningabílstjóra er í gangi hjá LBHÍ og stefnt að því að vera með námskeið bæði vor og haust 2018.
- c. Burðarerfiðleikar hjá ám. Þekkt er að kynbætur vegna kjötrframleiðslu geta leitt af sér burðarerfiðleika. Fagráð hvetur MAST til að vekja athygli á 19. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra þannig að að tekið verði tillit til þessara þátta við setningu ræktunarmarkmiða fyrir búfé og gæludýr.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.10. Næsti fundur verður 19. mars 2018 .